

Ferðafélag Íslands
Ólafur Örn Haraldsson
Mörkinni 6
Smiðjuvegi 14
104 REYKJAVÍK



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. desember 2014
Tilvísun: UST20140600187/6aj

Beiðni Ferðafélags Íslands um framkvæmdaleyfi til að bæta ásjýnd og aðstæður í Landmannalaugum.

Vísað er til erindis Ferðafélags Íslands dag. 25. júní sl. Þar sem óskað er eftir leyfi Umhverfisstofnunar til að fara í framkvæmdir sem bæti ásjýnd og aðstæður í Landmannalaugum. Um er að ræða eftirfarandi framkvæmdir:

1. Stækkað verði bílastæði utan við Námskvísl, niður á eyrina neðan núverandi bílastæðis, með það í huga að þar yrði eina bílastæði svæðisins.
2. Stæði fyrir húsbíla yrði lagt af og þeim fundinn nýr staður við varnargarðinn þar sem nú eru stæði fyrir rútur.
3. Eingöngu verði tjaldað á svæði innan við línu sem dregin er frá enda salernishúss að varnargarði.

Óskar Ferðafélag Íslands eftir því að fara í framkvæmdirnar sumarið 2014 að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun bendir á að Friðland að Fjallabaki er friðlýst svæði sbr. auglýsingu nr. 354/1979. Samkvæmt auglýsingunni er mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask á friðlandinu háð samþykki Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun bendir enn fremur á að sveitarfélagið Rangárþing Ytra stóð fyrir hugmyndasamkeppni um skiplag og hönnun Landmannalaugasvæðisins í samvinnu við stofnunina og fengust úr því niðurstöður 18. desember s.l. sem unnið verður áfram með. Þann 27. júní sl. sendi Umhverfisstofnun Ferðafélaginu tölvupóst þar sem óskað var eftir frekari upplýsingum frá Ferðafélaginu.. Ekki hafa borist svör við fyrirspurn stofnunarinnar.


Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að lokið verði vinnu við skipulag Landmannalaugasvæðisins áður en hafist verði handa við breytingar á svæðinu enda eru bundnar vonir við að deiliskipulagsvinna hefjist eftir að niðurstaða liggur fyrir í


hugmyndasamkeppninni um svæðið. Það deiliskipulag sem er í farvatninu er lögbundinn grundvöllur framkvæmda á svæðinu og um leið grunnur að stjórnun álags á svæðinu að mati stofnunarinnar. Á þeim forsendum hafnar Umhverfisstofnun beiðni Ferðafélags Íslands um að stækka bílastæði utan við Námskvísl að svo stöddu. Varðandi beiðni Ferðafélagsins um að færa stæði fyrir húsbíla við núverandi varnargarð þar sem nú eru stæði fyrir rútur bendir Umhverfisstofnun á að ekki kemur fram tillaga um hvert rútustæði fari ef húsbílastæðin verði flutt. Að mati stofnunarinnar er nauðsynlegt að fjalla um framangreind atriði í deiliskipulagi svæðisins og hafnar því umræddri beiðni Ferðafélagsins.

Þriðja beiðni Ferðafélagsins fjallar um að eingöngu verið tjaldað á svæði innan við línu sem dregin er frá enda salernishúss að varnargarði. Um er að ræða nánari afmörkun á svæði sem Ferðafélag Íslands hefur nýtt sem tjaldsvæði. Umhverfisstofnun er því samþykk framangreindri breytingu. Sú afstaða gildir þó aðeins þar til nýtt deiliskipulag tekur gildi þar sem forsendur hugmyndasamkeppninnar sem og rammaskipulags fyrir svæðið gera ráð fyrir að tjaldsvæðið verði flutt norður fyrir Námskraun.

Umhverfisstofnun bendir á að ákvörðun stofnunarinnar sætir kærnu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson
Sviðsstjóri


Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri

Afrit: Sveitarfélagið Rangárþing Ytra